Þýðing reglugjörðar um framkvæmdir á auglýsíngunni af 26. Sept. 1872 um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sérstaklega íslendsku póstmála innbyrðis ...

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Skannað var eintak í vörslu Landsbókasafnsins (Íslandssafn).
Skrifað inn á auglýsingu um póstmál og leiðréttingarskýrslu

343.09923

Jón Borgfirðingur.

Þýðing reglugjörðar

um framkvæmdir á auglýsingunni af 26. Sept. 1872 um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslendsku póstmála innbyrðis, eins og hún er útgefin af aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn og stiftamtmanninum yfir Íslandi, samkvæmt auglýsingarinnar 18. gr., þann 6. og 24. Nóv. 1872.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS

97641

1. gr.

Meðal íslendskra og danskra pósthúsa skal skiftast bæði brèfa- og sendínga-skrám á, nefnilega:

Milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur
— ——— — Vestmannaeya
— ——— — Djúpavogs

að því leyti gufuskipið kemur við á seinastnefndum stað.

Enn fremur skal brèfaskrám skiftast á milli þeirra staða, sem privat skip sigla á milli, þegar brèf verða með þeim send.

2. gr.

Þeir, er senda póstsendíngar, geta heimtað að hleypiseðill verði út gefinn upp á þær sendngar, sem ábyrgð er á, þegar grunur er um, að þær hafi ekki komist til skila.

Sá er hleypiseðil heimtar, svarar burðargjaldi sem fyrir einfaldt brèf.

Komi það upp, að yfirsjón hjá póstafgreiðslunni hafi gefið tilefni til að hleypiseðill var heimtaður, skal burðargjaldi skilað aftur. Endursendíng hleypiseðla er ávalt frígeng sem póstmálefni.

3. gr.

Þegar senda verður brèf á eftir meðtökumanni, af því hann hefir skift um verustað, skulu þessar reglur gilda:

a, ef brèf er sendt á eftir meðtökumanni í það póstumdæmi, sem brèfið átti að lenda í, leggst ekki frekara burðargjald á það fyrir eftirsendingu þess.

b, eigi skal heldur frekara burðargjald krafið fyrir eftirsendingu frá einu póstumdæmi til hins.

c, útlendt burðargjald leggst á brèf fyrir eftirsendingu.

4. gr.

Órètt afgreidd brèf skal, þegar því verður við komið, tafarlaust afgreiða til hins rètta ákvörðunarstaðar, hvar þá verður að heimta það burðargjald, sem út hefði komið með rèttri afgreiðslu.

5. gr.

Brèfasendingar, sem á ákvörðunarstaðnum af einhverri ástæðu hafa ekki getað komist til skila, skal endursenda frá báðum hliðum, þegar álíta má að þeim verði ekki komið til skila.

Ástæðuna fyrir þessu skal rita á brèfið.

Sè innsigli skaddað, þarf ekki að taka við endursendu brèfi, nema svo sé, að það hafi óréttilega verið afhent manni með sama nafni og brotið upp af honum.

Þegar á póstsendingum stendur: «*poste restante*», skal þær ekki endursenda fyrri enn að 3 mánuðum liðnum frá því þær komu.

Þegar brèf, sem ekki hafa komist til skila, verða endursend, fellur ekkert burðargjald á þau. Hafi þau verið gjörð frígeng þar, sem þau voru send af stað, verður ekkert fyrir að borga. En hafi þau verið send af stað óborguð, kostar endursendingin það burðargjald, sem á þeim stóð við áframsendingu þeirra.

6. gr.

Bréf þau, sem látin eru í brèfadósir skipanna, eru háð því burðargjaldi, sem ákveðið er í auglýsingunni (26. Sept. 1872).

Frímerki þau, sem um limd eru á þvílík brèf, hvort heldur dönsk eða íslendsk, skal ónýta á pósthúsinu þar, sem skip kemur, og reikna, þá er meta skal burðargjald fyrir brèfin.

7. gr.

Þær sèrstaklegu ákvarðanir um afhendingu brèfa, sem fara eiga gegnum hið danska póstumdæmi samkvæmt 20. gr. auglýsingarinnar, finnast í meðfylgjandi töflu.

8. gr.

Póstávísunum milli hins danska og íslendska póstumdæmis, skal skiftast á einúngis milli brèfpóst-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og póstskrifstofunnar í Reykjavík á þann hátt, er hèr segir:

Nefndar póstskrifstofur gefa út uppteiknanir eftir meðfylgjandi sýnishorni, og setja á þær framhaldandi Nr. að ofan.

Póstávísanirnar skal rita á eyðublöð eftir meðfylgjandi sýnishorni, leggja þær ásamt uppteiknuninni yfir þær í bögglí meðal brèfa þeirra, er póstlistanum fylgja og mælt er með. Þarnæst verða þær borgaðar út á ákvörðunarstaðnum.

9. gr.

Bögglasendíngar, sem annaðhvert endursendast af því þær gátu ekki komist til skila, eða sendast á eftir meðtökumanni, af því hann hefir breytt verustað sínum, skal fara með og meta eins og látnar hefði verið á póstinn að nýu á þeim stað, hvaðan þær sendast til baka eða áfram.

Áður en sending fer til baka sem óafgreidd til fráfararstaðarins, skal pósthúsið á tilkomustaðnum gefa út tilkynníngu um, að hún hafi ekki til skila komist, til þess pósthúss, hvaðan sending kom, og lýsa henni nákvæmlega og þeim er sendi, ef nafn hans eða stimpill stendur á tilvísunarbrèfinu. Pósthúsið á fráfararstaðnum skal þarnæst strax spyrjast fyrir hjá þeim, er sendi, hvert hana skuli endursenda, eða hversu með hana skuli fara. Sömu aðferð skal við hafa um «poste restante»-sendíngar, þegar þær eru ekki sóktar.

Pósthúsinu á tilkomustaðnum ber að gæta þess, að reynt verði til að selja þær sendingar á réttum tíma, sem hætt er við skemmdum.

Hrökkvi ekki andvirði sendinganna fyrir áföllnum kostnaði, hleypur það, sem á brestur, uppá hlutaðeigandi póstsjóð.

Ef óskað er að koma sendíngu frá Íslandi gegnum Danmörku til annara landa fullborgaðri og pósthúsið á fráfararstaðnum ekki veit burðargjaldið til ákvörðunarstaðarins, skal sendingunni

fylgja frígengis-skýrteini, hvar í sá, er sendir, skuldbindur sig til að borga fullt burðargjald. Á þetta frígengis-skýrteini verður þá burðargjaldið ritað á böggla- póst-skrifstofunni í Kaupmannahöfn, frígengis-skýrteinið sendt til baka, og burðargjaldið lagt á póstskrifstofuna í Reykjavík. Af frígengis-skýrteininu borgast ekkert burðargjald.

10. gr.

Á utanáskriftarflöt allra brèfa og tilvísunarbrèfa frá báðum póstumdæmunum skal setja stimpil fráfararstaðarins og dagsetningu.

Á brèf, sem ekki eru fullborguð, skal setja stimpilinn: «ónóg borgað».

Sendingar, sem með er mælt, fá stimpilinn: «mælt með»

Sendingar, sem fara frá Íslandi gegnum Danmörk til annara landa og fullborgaðar eru, fá stimpilinn: «franco».

11. gr.

Til brèfaskráa skal hafa meðfylgjandi sýnishorn.

Brèfaskrár skal rita eins og skifting þeirra sýnir.

Nú er óborgað burðargjald á brèfum, sem koma gegnum Danmörku frá öðrum löndum, og skal þá útlendt burðargjald og hið dansk-íslendska burðargjald, sem hið íslendska pósthús á að krefja, setja með stórum greinilegum rauðkrítar-tölustöfum á útskriftarflöt brèfsins í einni upphæð.

Á sama hátt skal burðargjaldið til greina á óborguðum brèfum, sem fara milli Danmerkur og Íslands.

Hin útlenda og sameiginlega dansk-íslendska borgun fyrir borguð brèf frá Íslandi til útlanda, er fara gegnum Danmörku, skal rituð með litlum rauðum tölustöfum á neðra vinstra hornið á utanáskriftarfleti brèfsins í einni upphæð.

Óborguð brèf til útlanda og borguð brèf frá útlöndum fá enga áteiknun um burðargjald eða borgun.

Burðargjald það, sem, ef til vill, fellur á eftirsend brèf, eða einnig, ef til vill, á sendingar, sem senda skal til baka, af því þeim hefir eigi orðið komið til skila, skal rita með stórum greinilegum rauðkrítar-tölustöfum þversum á utanáskriftarflöt brèfsins.

Öll brèf, sem yfirstíga einfalda vigt, skal póstskrifstofa sú, er þau sendir, merkja í efra vinstra horni utanáskriftar-flatarins með blárri tölu, er sýni, hversu margfaldt burðargjald skal fyrir þau krefja, þegar þau verða afhendt.

Sendingar, sem með er mælt, skal færa með nafni og ákvörðunarstað á brèfaskrána.

Hafi sá, er brèf sendir, heimtað meðtöku skýrteini frá meðtökumanni, skal þess geta með athugasemdinni: «Recepisse».

Brèfaskrár sendast að eins í einu lagi.

Sè ekkert að senda, skal auð brèfaskrá þó látin fara.

Af því, sem í dálkana er fært, skal taka afskrift.

Tölur þær, sem færðar eru í dálkana, skal færa á burtsendingar registur eftir meðfylgjandi sýnishorni.

Þegar brèf skal pakka saman, skal þeim þannig skipað í flokka:

a, brèf, sem með er mælt, póstávísanir, hleypiseðlar, póstmálefni.

b, dansk-íslendsk brèf.

c, umfarandi brèf.

d, krossbönd og sýnishorn af vörum.

e, órètt afgreidd, eftirsend, tilbaka send brèf.

Það, sem nefnt er undir a, skal vefja í umbúðapappír, forsigla og skrifa utaná: «mælt með»

Hin önnur brèf er nægilegt að binda saman í böggla.

Alla bögglana skal láta í brèfapoka, sem merktur er nöfnum fráfarar- og tilkomustaðarins, og skal hann síðan innsigla með póstinnsiglinu.

12. gr.

Undir bögglapósts-brèfaskrárnar skal við hafa bögglapósts-brèfaskrár þær er meðfylgjandi sýnishorn gefur.

Allt það, er bögglapósti kemur við, skal á brèfaskrá færa hvað fyrir sig með utanáskrift, fráfarar- og tilkomustað, tegund, merki og vigt. Sè sending peningavirði, skal verðsins einnig getið. Prentuðu dálkana á sýnishorninu skal fylla út samkvæmt yfirskrift þeirra.

Burðargjaldið skal rita á peningabrèfin eða á tilvísunarbrèf þau, er sendingarnar fylgja, eins og gjört er við brèfapóstinn.

Peninga- og tilvísunarbrèfin skal binda ásamt brèfaskránni í einn böggul, er ásamt minni peningasendingum og öðrum smá-bögglum skal láta annaðhvert í böggla-póstpoka með 2 póstinnsiglum fyrir, eða í læsta kistur, sem þar að auki fær hengilás fyrir sig. Umbúðir bögglanna skulu merktar nöfnum fráfarar og ákvörðunarstaðarins. Sè enga böggla að senda, skal þó auða brèfaskrá út gefa.

Bögglapóslistarnir skulu, eins og brèfapóstlistarnir, vera að eins í einu lagi (*in simplo*). Afskrift af þeim skal þó haldið til baka.

Tölur póstlistanna skal taka upp í burtsendingarregistur eftir meðfylgjandi sýnishorni.

13. gr.

Yfir brèfapoka, kistur, lausa böggla, penínga og penínga virði sem sendt er með póstgufuskipinu, skal gefa út stykkjaseðil í tvennu lagi til sèrhvers af ákvorðunarstöðum skipsins, eftir með fylgjandi sýnishorni,og skal annar seðillinn fylgja skipinu, en hinum skila kvittuðum aftur. Afhendíngin fer fram eftir stykkjaseðlunum þannig að sá, er á móti tekur, gætir að hvert það, er hann tekur við, sè í góðu standi, sèrstaklega að innsiglin á pokunum sè óskörðuð, og skal þarnæst kvitta á stykkjaseðilinn. Þegar afhendíng þannig hefur átt sèr stað, er ábyrgðin komin yfir á meðtakanda. Á sama hátt á afhendíng stað í gagnstæða stefnu frá skipinu til þess, er við pósti tekur fyrir hönd póstmálanna.

Í Reykjavík skal skipið fyrst um sinn annast flutníng póstsins til pósthússins og frá því.

Vanti sendíng, eða sè hún skemmd, verður það strax að sanna, ef á þarf að halda með bóklegri rannsókn, og skal því pósthúsi, er sendi, í afturleið póstsins gjört aðvart um það fyrir póstvísbendíngu undir «meðmælum», og þarhjá senda hina bóklegu rannsókn í afskrift, hafi hún átt sèr stað.

Bögglapóst-pokan og böggul meðmælabrèfanna skal opna með vitnum og innihaldið eins sanna ef kostur er á.

Sè þessara reglna ekki gætt, verður, uns annað sannast, álitið, að hið meðtakandi pósthús hafi tekið við öllum sendíngunum í góðu standi.

14. gr.

Breytíngar þær í brèfaskránni, sem, ef til vill, verða gjörðar við rannsókn póstsendínganna,

skulu gjörðar með bláu eða rauðu bleki á þann hátt, að það, sem áður var ritað, samt verði lesið. Við breytínguna skal stuttlega geta ástæðunnar til hennar.

Þarnæst skal ávallt, þegar breyting hefir verið gjörð, senda póstvísbending undir meðmælum eftir meðfylgjandi sýnishorni til baka með næsta pósti á það pósthús, sem gaf út póstlistan. Þegar stærri afbrigði koma fyrir, skal sá póstþjón, er kallaður var sem vitni að rannsókninni, einnig undirskrifa póstvísbendínguna. Pósthús það, er hana fær til baka, gjörir þá — ef það viðurkennir aðfinníngunа — nauðsynlega breytíngu í burtsendíngarregistrinu, setur á póstvísbendínguna: «viðurkennd» með dagsetníngu og undirskrift og endursendir hana pósthúsi því, er sendi hana út. Hin viðurkennda póstvísbending verður síðan fylgiskjal með hlutaðeigandi póstlista.

15. gr.

Brèfaskrár, póstávísana-uppteiknanir og bögglapóstlistan frá Danmörku, sendir hið íslendska pósthús, ef kostur er á, með sama pósti til baka til endurskoðunar-skrifstofunnar undir aðalúrskurðarvaldi reikninga póstmálefnanna í Kaupmannahöfn, er eftir þeim semur nauðsynlegan afreikníng yfir krófur þær, er önnur lönd hafa upp á burðargjald, helmínginn af borguninni fyrir póstávísanir og hið íslendska auka-burðargjald af bögglum, og verður afreikníngur þessi með tilhlýðilegum fylgiskjölum þarnæst, ef kostur er á, með næsta pósti sendur landshöfðíngjanum til rannsóknar.

Það sem milli kann að bera, kemur til leiðrèttíngar í næsta afreikníngi.

16. gr.

Reglugjörð þessi kemur í gildi og verður í gildi um sama tíma sem ákvarðanir auglýsíngarinnar 26. Sept. 1872.

Rètta þýðíng staðfestir

Hilmar Finsen.

Reykjavík 1873. Einar Þórðarson.

Fylgiskjal I.

J. 380
Yfi

Yfirlit

yfir

burðargjöld þau, sem hin íslenzka póststjórn skal greiða dönsku póststjórninni fyrir brjefsendingar, sem flytjast einstakar frá Íslandi gegnum hið danska póstumdæmi til útlanda, og sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum, og fyrir brjefsendingar frá þessum löndum til Íslands, sem ekki er borgað undir fyrirfram með frímerkjum.

Athugasemd. Auk þessara burðargjalda skal ennfremur greiða fyrir nefndar brjefsendingar, burdareyri milli Danmerkur og Íslands:

undir brjef,

þegar höfð eru frímerki:		þegar eigi höfð eru frímerki:	
ef þau vega allt að 3 kv.	8 Sk.	ef þau vega allt að 3 kv.	16 Sk.
- — — yfir 3 kv. allt að 25 kv. . .	16 —	- — — yfir 3 kv. allt að 25 kv. . .	32 —
- — — — 25 kv. — — 50 kv. . .	24 —	- — — — 25 kv. — — 50 kv. . .	48 —

undir sendingar í krossbandi eða einbrugðnu bandi,

þegar höfð eru frímerki:

ef þær vega allt að 25 kv.	8 Sk.
- — — yfir 25 kv. allt að 50 kv.	12 —

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
A.	**Norðurálfan.**					
1.	*Belgia*					
	yfir þýzkaland	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	9	16
2.	*Frakkland* (þarmeð Corsica, Savoyaland, Nizza)					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Frakklands beina leið	—	—	fyrir 2 kv.	11	13
3.	*Gibraltar*					
	yfir þýzkaland	—	—	fyrir 3 kv.	13	21
4.	*Grikkland* (þarmeð íonsku eyjarnar: Cephalonia, Cerigo, Corfu, Paxo, Santa Maura, Theaki, Zante)					
	yfir þýzkaland og Austurríki	—	—	fyrir 3 kv.	17	23
5.	*Helgoland*					
	yfir þýzkaland	—	—	fyrir 3 kv.	11	17
6.	*Ítalía* (þarmeð Kirkjuríkið)					
	yfir þýzkaland **Ath.**	—	—	fyrir 3 kv.	11	19
7.	*Luxemburg*					
	yfir þýzkaland	—	—	allt að 3 kv.	4	8
8.	*Möltu eyjar* (Comino, Gozzo, Malta)			yfir 3 allt að 50 kv.	8	16
	með brjefapoka milli Danmerkur og Frakklands beina leið	—	—	fyrir 2 kv.	22	24

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum). Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum). Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum). Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Athugasemdir.
Sk.		Sk.		Sk.	
—	fyrir 10 kv.	3	fyrir 10 kv.	3	
fyrir hvert brjef 8*	fyrir 8 kv.	3	fyrir 8 kv.	3	* Ábyrgðarbrjef skulu vera í umslögum, sem endarnir ná saman á í miðju, og búin að minnsta kosti 2 lakkinnsiglum.
—*	fyrir 10 kv.	4	fyrir 10 kv.	4	
—	fyrir 8 kv.	5	fyrir 8 kv.	5	
—	fyrir 10 kv.	3	fyrir 10 kv.	3	
—	fyrir 8 kv.	3	fyrir 8 kv.	3	Ath. Sýnishorn af silki, sem vega yfir 6 lóð (20 kv.), og sem hafa nokkuð vöruverð, verða eigi tekin til flutnings sem brjefsendingar.
—	fyrir 10 kv.	2	fyrir 10 kv.	2	
fyrir 2 kv. 20*	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	

Norðurálfan.

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef.				
		Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir	
					brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
9.	*Niðurlönd*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Niðurlanda beina leið	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	7	12
10.	*Norvegur*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Norvegs beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	5	10
11.	*Portúgal*					
	yfir þýzkaland	—	—	fyrir 3 kv. fyrir 2 kv.	4 9	9 13
12.	*Rúmenia* (hin sameinuðu furstadæmi Moldau og Wallachí.)					
	yfir þýzkaland	—	—	fyrir 3 kv.	9	16
13.	*Rússland*					
	Rússland (þarmeð Finnland, Rússland í austurálfu og Pólínaland.)					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Rússlands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	10	14
14.	*Svissaraland*					
	yfir þýzkaland	—	—	altt að 3 kv. yfir 3 allt að 50 kv.	9 17	16 32
15.	*Spánn* (þarmeð Majorca, Minorca.)					
	yfir þýzkaland	—	—	fyrir 3 kv.	13	21
16.	*Bretland hið mikla og Írland* (England, Skotland og Írland.)					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	6	6

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
—*	fyrir 8 kv.	2	fyrir 8 kv.	2	
—	fyrir 8 kv.	2	fyrir 8 kv.	2	
—*	fyrir 10 kv.	4	fyrir 10 kv.	4	
—	fyrir 8 kv.	3	fyrir 8 kv.	3	
—	fyrir 10 kv.	3	fyrir 10 kv.	3	
—	fyrir 10 kv.	3	fyrir 10 kv.	3	
—*	fyrir 10 kv.	4	fyrir 10 kv.	4	
—	fyrir 8 kv.	2	fyrir 8 kv.	2	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktarauki.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
17.	*Svíaríki*				Sk.	Sk.
	með brjefapoka milli Danmerkur og Svíaríkis beina leið	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	3	6
18.	*Þýzkaland*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og þýzkalands beina leið:					
	I. Sljesvík, Holtsetaland, Hamborg, Lübeck	—	—	allt að 3 kv.	3	6
	II. Norður-þýzkaland að öðru leyti			yfir 3 allt að 50 kv.	6	12
	III. Baden, Bayern, Würtemberg .	—	—	allt að 3 kv.	4	8
	IV. Austurríki og lönd þau, sem undir það lúta			yfir 3 allt að 50 kv.	8	16
19.	*Tyrkland í norðurálfu* (þarmeð Serbía.)					
	yfir þýzkaland og Austurríki:					
	1. Belgrad	—	—	fyrir 3 kv.	6	13
	2. Adrianopel, Antivari, Burgas, Cavalle, Czernawoda, Dardanneller, Durazzo, Gallipoli, Janina, Kandia, Kanea, Kystendsche, Lagos, Philippopel, Prevesa, Retimo, Rustschuk, Salonich, Santi Ouaranta, Seres, Sophia, Sulina, Tultscha, Valona, Varna, Volo, Widdin.....	—	—	fyrir 3 kv.	13	17
	3. Constantinopel (Mikligarður)....			fyrir 3 kv.	11	17
	4. Allir aðrir staðir í Tyrklandi í norðurálfu	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til takmarkanna við þýzkaland.	allt að 3 kv.	4	8
				yfir 3 allt að 50 kv.	8	16
	t. a. m. til Herzegowina.....	.....	Melcowich í Dalm.			
	- Bosnía	.....	Brood i Mil. Gr.			

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
—	fyrir 8 kv.	2	fyrir 8 kv.	2	
—	fyrir 10 kv.	2	fyrir 10 kv.	2	Prentað mál og sýnishorn af varningi má senda sem ábyrgðar-sendingar.
—	fyrir 10 kv.	2	fyrir 10 kv.	2	
—	fyrir 8 kv.	3	fyrir 8 kv.	3	
—	fyrir 10 kv.	4	fyrir 10 kv.	4	
—	fyrir 10 kv.	4	fyrir 10 kv.	4	
Verða eigi flutt.	fyrir 10 kv.	2	fyrir 10 kv.	2	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktarauki.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
B.	**Austurálfan.**					
1.	*Arabía* (Aden)					
	yfir þýzkaland og Ítalíu (Brindisi) ...	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	42
2.	*Tyrkland í austurálfu* (Asía hin minni og Kípur (Cyprus), Armenía, Kurdistan)					
	yfir þýzkaland og Austurríki:					
	1. Beirut, Caipha, Dardaneller, Jaffa, Jórsalir, Ineboli, Kerassunde, Larnica, Mytilene, Rhodus, Samsun, Smyrna, Tenedos, Tschesme, Trapezunt	—	—	fyrir 3 kv.	13	17
	2. Alessandretta, Latakieh, Mersina (Torsus) og Tripoli (Sýrland).....	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	—	fyrir 3 kv.	13	17
	3. Allir aðrir staðir í Tyrklandi í austurálfu.....	—	Til pósthúsa í Austurríki.	fyrir 3 kv.	13	17
	t. a. m.:					
	Adalia, Aleppo, Damascus	.....	Smyrna.			
	Amassia, Bagdad, Diarbekir, Mussul, Sivas	.....	Samsun.			
	Innri hluti Asíu minni	.....	Constantinopel Samsun eða Trapezunt.			
	Armenía.....	.....				

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
fyrir 3 kv. 18	fyrir 8 kv.	7	fyrir 8 kv.	7	
—	fyrir 10 kv.	6	fyrir 10 kv.	6	
Verða eigi flutt.	fyrir 10 kv.	6	fyrir 10 kv.	6	
—	fyrir 10 kv.	6	fyrir 10 kv.	6	

Nr.	Land og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktarauki.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
3.	***Sínland (China) og Japan*** yfir þýzkaland og Brindisi. Með enskum skipum frá Suez: **					
	1) til Honkong, Shanghai og Yokahama	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	42
	2) til annara staða í Sínlandi og Japan	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	33	42
4.	***Indland i austurálfu*** I. Forindíaland. yfir þýzkaland og Brindisi. Með enskum skipum frá Suez: **					
	1) til allra eigna Englendinga.....	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	42
	2) til allra annara staða	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	33	42
	II. Bakindíaland. yfir þýzkaland og Brindisi. Með enskum skipum frá Suez:**					
	1) Penang og Singapore	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	42
	2) til Siam	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Singapore.	fyrir 3 kv.	23	31
	3) til allra annara staða	—	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	33	42

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum),		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
fyrir 3 kv. 18	fyrir 8 kv.	7	fyrir 8 kv.	7	** Á brjefin verður að rita: „með enskum skipum frá Suez“.
fyrir hvert brjef 11	fyrir 8 kv.	5	fyrir 8 kv.	5	
fyrir 3 kv. 18	fyrir 8 kv.	7	fyrir 8 kv.	7	
fyrir hvert brjef 11	fyrir 8 kv.	5	fyrir 8 kv.	5	
fyrir 3 kv. 18	fyrir 8 kv.	7	fyrir 8 kv.	7	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	5	fyrir 8 kv.	5	
fyrir hvert brjef 11	fyrir 8 kv.	5	fyrir 8 kv.	5	

Austurálfan.

Nr.	Land og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fiuttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin i frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
	III. Eyjarnar í Indlands hafi.					
	yfir þýzkaland og Brindisi.					
	Með enskum skipum frá Suez **	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Singapore	fyrir 3 kv.	23	31
5.	*Persaland.* (Isphahan)					
	yfir þýzkaland og Austurríki	—	Samsun eða Trapezunt	fyrir 3 kv.	13	17

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	5	fyrir 8 kv.	5	
Verða eigi flutt.	fyrir 10 kv.	6	fyrir 10 kv.	6	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, som sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig sende má brjefin.	Hvað langt borgunin i frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
C.	**Suðurálfan.**					
	Algier					
1.	með brjefapoka milli Danmerkur og Frakklands beina leið.....	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 2 kv.	11	13
	Ascencion					
2.	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	Þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirra höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	49	55
3.	*Azorisku eyjarnar*					
	yfir Þýzkaland og Portúgal.....	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv. fyrir 2 kv.	4 9	9 13
4.	*Bourbon, Madagascar, Mauritius, Seychelles eyjarnar*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Frakklands beina leið.....	—	—	fyrir 2 kv.	29	32
5.	*Canarisku eyjarnar*					
	yfir Tyzkaland og Spán..... ...	—	—	fyrir 3 kv.	13	21
6.	*Caplandið*					
	med brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	49	55

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
fyrir hvert brjef 8*	fyrir 8 kv.	3	fyrir 8 kv.	3	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	—	—	
—*	fyrir 10 kv.	4	fyrir 10 kv.	4	
fyrir 2 kv. 28*	fyrir 8 kv.	6	fyrir 8 kv.	6	
—*	fyrir 10 kv.	4	fyrir 10 kv.	4	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef.				
		Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin i frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir	
					brjef, sem fara, og sem frí-merki eru látin á.	brjef, sem koma, og sem frí-merki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
7.	*Capverdisku eyjarnar*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	32
8.	*Madeira*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	29	32
9.	*Marocco*					
	yfir þýzkaland og Spán til hinna spönsku eigna og pósthúsa..	—	—	fyrir 3 kv.	13	21
10.	*St. Helena*					
	með briefapoka milli Danmerkur og Frakklands beina leið.....	—	—	fyrir 2 kv.	29	32
11.	*Tripolis* (Fezzon, Tripoli)					
	yfir þýzkaland og Ítalíu	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	—	fyrir 3 kv.	18	—
12.	*Tunis*					
	yfir þýzkaland og Ítalíu	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	—	fyrir 3 kv.	18	27

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur gaeiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
—*	fyrir 10 kv.	4	fyrir 10 kv.	4	
fyrir 2 kv. 28*	fyrir 8 kv.	6	—	—	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
fyrir 3 kv. 21*	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frí-merki eru látin á.	brjef, sem koma, og sem frí-merki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
13.	***Vesturströnd suðurálfunnar***					
	I. Fernando del Po					
	II. Guinea					
	III. Libería					
	IV. Senegambía					
	V. Sierra Leone					
	VI. Angola, Principe, St. Thomas					
	a) með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið:					
	1) til Badagry, Bonny, Cameroons, Fernando del Po, Gorée, Old Calabar, Whydah	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	29	32
	2) til Gullstrandarinnar, Lagos, Libería, Senegambía, Sierra Leone	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	32
	b) yfir þýzkaland og Portúgal:					
	til Angola, Principe, St. Thomas ..	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	—	fyrir 3 kv. fyrir 2 kv.	4 19	— —
14.	***Egyptaland***					
	yfir þýzkaland og Ítalíu:					
	1) til Alexandríu.....	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	—	fyrir 3 kv.	18	27
	2) til annara staða á Egyptalandi..	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Alexandríu	fyrir 3 kv.	18	27

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt.	fyrir 10 kv.	6	fyrir 10 kv.	6	
fyrir 3 kv. 21*	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frí-merki eru látin á.	brjef, sem koma, og sem frí-merki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
D.	**Vesturheimur.**					
	A. Norður-Ameríka.					
1.	*Bermudas-eyjar*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið (yfir Halifax)..	Án þess að borga þurfi fyrir fram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	32
2.	*Eignir Breta*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið:					
	1) til Canada, New-Brunswick, New-Scotland og Prinzs Edwards-eyjar	—	—	fyrir 3 kv.	18	22
	2) til New-Foundlands	—	—	fyrir 3 kv.	29	32
	3) til Vancouvers-eyjar:					
	yfir Bandafylkin	—	—	fyrir 3 kv.	21	25

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	—	—	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	

Nr.	Land og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef.				
		Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin i frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir	
					brjef, sem fara, og sem frí-merki eru látin á.	brjef, sem koma, og sem frí-merki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
3.	***Bandafylkin***					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Ameríku beina leið	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	7	7
4.	***Eignir Frakka*** (Eyjarnar Michelon og St. Pierre)					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Frakklands beina leið	—	—	fyrir 2 kv.	29	32
5.	***Mexico***					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt.	fyrir 3 kv.	50	54
	B. Central-Ameríka.					
6.	***Costa-Rica, Guatemala, Honduras, sem lýtur undir England, og Nicaragua***					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	50	54
7.	***Honduras,*** sem eigi lýtur undir England					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	72	75

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
—	fyrir 8 kv.	2	fyrir 8 kv.	2	
fyrir 2 kv. 28 *	fyrir 8 kv.	6	fyrir 8 kv.	6	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	6	fyrir 8 kv.	6	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktarauki.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
8.	*Mosquito landið*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	50	54
9.	*San Salvador*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	72	75
10.	**C. Vesturheims eyjarnar.**					
	a) með brjefapoka milli Danmerkur og Vesturheims eyja beina leið til eigna Dana	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	7	7
	b) með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið til eigna Englendinga og Curacao .	—	—	fyrir 3 kv.	50	54
	til eigna Frakka, Niðurlendinga (eigi Curacao), Spánverja og Svía og til Hayti	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	50	54
	D. Suður-Ameríka.					
11.	*Argentinska þjóðveldið og Brasilía*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	50	54
12.	*Bolivia, Chili ásamt með Araukaniu, Ecuador og Perú*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	72	75
13.	*Falklands eyjarnar*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	32

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal enn fremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	—	—	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	6	fyrir 8 kv.	6	
—	fyrir 8 kv.	2	fyrir 8 kv.	2	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	6	fyrir 8 kv.	6	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	—	—	

Nr.	Land og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin i frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frí-merki eru látin á.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir: brjef, sem koma, og sem frí-merki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
14.	***Guyana***					
	a) Guyana, sem lýtur undir England b) Guyana, sem lýtur undir Frakkland c) Guyana, sem lýtur undir Niðurlönd					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið:					
	til Guyana, sem lýtur undir England og Niðurlönd	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	50	54
	til Guyana, sem lýtur undir Frakkland	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er af-fermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	50	54
15.	***Nýja Granada og Panama***					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	50	54
16.	***Paraguay og Uruguay***					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	50	54
17.	***Venezuela***					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið.....	—	—	fyrir 3 kv.	50	54

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum),		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
fyrir hvert brjef 22	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	4	fyrir 8 kv.	4	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef.				
		Hvernig sende má brjefin.	Hvað langt borgunin i frímerkjum hrökkur.	Viktar-auki.	Allt burðargjald-ið fyrir hvern auka undir	
					brjef, sem fara, og sem frí-merki eru látin á.	brjef, sem koma, og sem frí-merki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
E.	**Eyjaálfan.**					
18.	*I. Enskar nýlendur*					
	yfir Þýzkaland og Brindisi	Án þess að borga þurfi fyrirfram með frím.	Til þess staðar, sem brjefið á að fara til.	fyrir 3 kv.	29	42
19.	*II. Frakkneskar nýlendur*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Frakklands beina leið	—	—	fyrir 3 kv.	29	32
20.	*III. Sandwichs eyjar*					
	með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið, yfir Bandafylkin	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	50	54

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
fyrir 3 kv. 18	fyrir 8 kv.	7	fyrir 8 kv.	7	
fyrir 2 kv. 28 *	fyrir 8 kv.	6	fyrir 8 kv.	6	
Verða eigi flutt.	fyrir 8 kv.	6	fyrir 8 kv.	6	

Nr.	Lönd og borgir og leiðin, sem sendingarnar eru fluttar.	Venjuleg brjef. Hvernig senda má brjefin.	Hvað langt borgunin í frímerkjum hrökkur.	Viktarauki.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem fara, og sem frímerki eru látin á.	Allt burðargjaldið fyrir hvern auka undir: brjef, sem koma, og sem frímerki ekki eru látin á.
					Sk.	Sk.
F.	**Lönd hinumegin við Atlantshaf** almennt, þegar ferð fellur með skipi.					
	a) með brjefapoka milli Danmerkur og Norðurþýzkalands beina leið:					
	1) yfir Bremen	þannig að borgað verði fyrirfram með frím.	Bremerhafen	fyrir 3 kv.	4	9
	2) yfir Hamborg	—	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið affermt.	fyrir 3 kv. fyrrir hvert brjef	4 6	9 6
	b) með brjefapoka milli Danmerkur og Englands beina leið (að undanteknu Portúgal og azorisku eyjunum),	—	Til þeirrar hafnar, þar sem skipið er affermt, eða frá þeirri höfn, þar sem það er hlaðið.	fyrir 3 kv.	29	32
	c) með brjefapoka milli Danmerkur og Frakklands beina leið	—	—	fyrir 2 kv.	29	35

Ábyrgðarbrjef. (Undir þau skal borga fyrirfram með frímerkjum).	Prentað mál í bandi. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið. (Undir það skal borga fyrirfram með frímerkjum).		Athugasemdir.
Auk burðargjalds fyrir venjuleg brjef skal ennfremur greiða.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	Viktarauki.	Burðargjaldið allt.	
Sk.		Sk.		Sk.	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	2	fyrir 8 kv.	2	
Verða eigi flutt	—	—	—	—	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv. (til enskrar hafnar, þar sem skipið er hlaðið.)	4	—	—	
Verða eigi flutt	fyrir 8 kv.	6	—	—	

Jón Borgfirðingur.

Auglýsing

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir samþykkt þessar breytingar á póstgöngunum:

1, að aðalpósturinn milli Akureyrar og Reykjavíkur leggi leið sína um verzlunarstaðinn Blönduós í Húnavatnssýslu, bæði á suður- og norðurferðum sínum, og að þess vegna

a, brjefhirðingastaður verði stofnaður á Blönduós, en að brjefhirðingastaður sá, er verið hefur á Reykjum, verði lagður niður, og

b, að aukapósturinn út á Hólanes (Skagastrandarpósturinn, sbr. 8. gr. f. auglýsingar 3. maí 1872) eptirleiðis hefji göngu sína ekki frá Sveinsstöðum en frá Blönduós í hvert sinn, er pósturinn kemur þangað að sunnan.

2, að Þingeyjarsýslupósturinn, sem er aukapóstur aðalpóstsins frá Akureyri til Seyðisfjarðar og fer frá Grenjaðarstað norður á Sauðanes (sbr. 8. gr. h. auglýsingar 3. maí 1872) haldi áfram leið sinni frá Sauðanesi að verzlunarstaðnum Vopnafirði, og að stofnaður verði nýr aukapóstur frá Höfða í Vallnahreppi á Vopnafjörð, er fari á stað undir eins og aðalpósturinn er kominn að Höfða frá Prestsbakka; en aptur á móti að aukapósturinn frá Grímsstöðum á aðalpóstleiðinni frá Akureyri til Seyðisfjarðar verði lagður niður.

3, að stofnuð verði brjefhirðing á Möðruvöllum í Hörgárdal.

4, að stofnaður verði aukapóstur frá Stykkishólmi til Flateyjar, og að stofnuð verði brjefhirðing á síðarnefndum stað.

Breytingar þessar ná gildi 1. janúar 1882.

Um leið og þetta er birt almenningi skal ákveðið, að aukapósturinn til Flateyjar skuli árið 1882 fara frá Stykkishólmi eptir komu sunnanpóstsins þangað, tvær fyrstu vorferðirnar og tvær síðustu haustferðirnar.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 5. desbr. 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Rétt, hjá E. Þórðarsyni. 1881.

Leiðrjettingarskýrsla.

	Viðvíkjandi		Er breytt í	
	burðareyri, sem goldinn er fyrirfram í frímerkjum.	burðargjald (samtals).	burðareyri, sem goldinn er fyrirfram í frímerkjum.	burðargjald (samtals).
	aurar.	aurar.	aurar.	aurar.
Póstsendingaskrá nr.				
frá *til*				
dag *189*				

Hvernig á leiðrjettingunni stendur:

dag *189* 2

Fjelagsprentsmiðjan 1892.

Póstmeistarinn
Ó. [illegible] í Rvík.